



REKSTRARSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
HESTAMANNAFÉLAGSINS LÉTTIS
2019 - 2023

Rekstrarsamningur

Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Hestamannafélagð Léttir (í samningi þessum nefnt Léttir), kt. 430269-6749, gera með sér eftirfarandi rekstrarsamning:

I. Umfang og markmið samnings

1. gr.

Fyrir framlag Akureyrarbæjar til Léttis skal félagið sjá um rekstur og umsjón Reiðhallarinnar ásamt íþróttatengdri starfsemi. Léttir skal annast alla þjónustu við almenning og við æfingar og mót á vegum félagsins og annarra sem nýta mannvirknið.

II. Afnot af Reiðhöll

2. gr.

Léttir notar aðstöðuna í Reiðhöllinni til æfinga og keppni á opnunartíma hallarinnar hverju sinni. Reiðhöllin er opin til æfinga frá september til júní og er að jafnaði opin fyrir félagsmenn og hesta frá kl. 08:00 - 22:00 virka daga og frá kl. 10:00 - 17:00 um helgar.

3. gr.

Akureyrarbær á rétt án endurgjalds að nýta Reiðhöllina í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans vegum. Akureyrarbær greiðir þann umfram rekstrarkostnað sem fellur á félagið vegna viðburðarins þ.e.a.s. ef Léttir veitir bænum þjónustu vegna þess. Um slík afnot skal haft samráð við Létti og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

III. Rekstur Reiðhallar

4. gr.

Framlag Akureyrarbær vegna þessa samnings er kr. 11.900.000 árið 2019. Í fylgiskjali nr. 1 er sundurliðun á framlagi Akureyrarbæjar á samningstímanum. Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. Léttir á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr. 13. gr skal Akureyrarbær tilkynna Létti um breytingar með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

Greiðslur skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal fyrsti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi. Beri fyrsta virka dag mánaðar uppá langa helgi skal greiða síðasta virka dag mánaðarins á undan.

5. gr.

Aðalstjórn Léttis er ábyrg fyrir rekstri Reiðhallarinnar og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar félagsins ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.



Aðalstjórn Léttis skal hafa í starfi umsjónarmann með þekkingu og reynslu á sviði rekstrar. Umsjónarmaður skal bera ábyrgð á daglegri stjórnun Reiðhallarinnar og heyra störf hans beint undir stjórn félagsins.

Umsjónarmaður Reiðhallarinnar hefur yfirlit yfir notkun á þeim tímum sem Léttir notar í mannvirkinu og skilar til íþróttadeildar og ÍBA yfirliti um notkun þeirra í lok hvers árs.

6. gr.

Léttir fær í sinn hlut allar tekjur sem Reiðhöllin kann að gefa af sér, s.s. útleiga til almennings, auglýsingatekjur, veitingasölutekjur og aðrar tekjur af rekstri, í samræmi við samning þennan. Létti er einum heimilt að stunda sölustarfsemi og/eða framselja til þriðja aðila í Reiðhöllinni á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi til skólabarna er bönnuð á skólatíma.

Létti er heimilt að setja upp auglýsingar, sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta, á vegg innanhús í Reiðhöllinni og á lóð Reiðhallarinnar og skal það gert í fullu samráði við deildarstjóra íþróttadeildar og fulltrúa UMSA og sbr. ákvæði í fylgiskjali nr. 3 um auglýsingar í íþróttamannvirkjum.

Fjáröflun Léttis skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Akureyrarbæ.

IV. Rekstrarkostnaður, viðhald, umgengni og skilyrði

7. gr.

Léttir greiðir rekstrarkostnað vegna Reiðhallarinnar, svo sem rafmagn, hita, kalt vatn og viðhald minni áhalda og tækja tengdum mannvirkinu svo og almennt minna viðhald. Akureyrarbær greiðir fasteignagjöld, húseigendatryggingu og brunatryggingu af Reiðhöllinni (eignatryggingar). Eignarhlutur Akureyrarbæjar í Reiðhöllinni er 74%.

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA) og íþróttadeild annast viðhald á mannvirkjum eins og kemur fram í reglum um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka (hlekkur í fylgiskjal nr. 5) og miðað við eignarhlut samningsaðila í Reiðhöllinni. UMSA vinnur árlega viðhaldsáætlun í samráði við umsjónarmann Reiðhallarinnar, íþróttadeild og ÍBA.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif í Reiðhöllinni eru á ábyrgð Léttis og skulu vera í samræmi við kröfur Akureyrarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á/í Reiðhöllinni og/eða lóð hennar eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Akureyrarbæ.

Nánari útlitun á atriðum varðandi rekstur, skilyrði, starfsmannahald, rekstrarkostnað, tryggingar o.fl. eru í fylgiskjali nr. 3.